

Nd.

579. Nefndarálit

[251. mál]

um frv. til laga um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. lögum nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluöluverðs til fiskiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Í annað skipti á örfáum mánuðum eru nú til meðferðar ráðstafanir vegna gengisfellingarstefnu þeirrar íhaldsstjórnar, sem við völd situr í landinu. Enda þótt langt sé liðið frá síðari gengisfellingu hennar, sem gerð var 14. febr. s.l., er það fyrst nú fyrir nokkrum dögum, sem Alþingi fékk til meðferðar tillögur ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun gengishagnaðarsjóðsins og aðrar aðgerðir, sem hlutust af gengisfellingunni fyrir útgerð og fiskvinnslu í landinu. Þessi langi dráttur á, að ríkisstjórnin léti frá sér heyra, lýsir því betur en mörg orð, hversu mikill ágreiningur hefur verið og er enn í stjórnarliðinu með efnahagsstefnu stjórnarinnar og úrræði hennar.

Sjávarútvegsnefnd hefur haft mjög takmarkaðan tíma til þess að fjalla um þetta mál. Þó hefur hún átt viðræður við alla þá hagsmunaaðila í útgerð og fiskvinnslu, sem málið snertir. Í þeim viðræðum kom í ljós mikil og eindregin andstaða allra þessara aðila við meginefni frv., einkum efni 2. gr. þess. Lýstu allir þessir aðilar miklum áhyggjum yfir þeirri stefnu stjórnvalda, sem fram kemur í frv., að efla stórlega millifærslu og sjóðakerfi sjávarútvegsins. Var það einróma álit allra þeirra, sem að máli komu við sjávarútvegsnefnd, að slíkt kerfi yrði eðlilegum rekstri í þessari atvinnugrein mikill fjötur um fót.

Minni hl. sjávarútvegsnefndar er sömu skoðunar um þessi mál og þeir hagsmunaaðilar og félagssamtök í útgerð og fiskvinnslu, sem sjávarútvegsnefnd fékk umsagnir frá. Mun minni hl. því á sérstöku þingskjali flytja breytingartillögur við frv., þar sem m. a. er gert ráð fyrir því, að útvegurinn sjálfur geti borið öluverðshækkunina, sem orðið hefur, með því að fiskverð verði hækkað um það, sem vitað er að fiskverkendur geta greitt. Að sjálfsögðu á sú fiskverðshækkun að koma til skipta milli sjómanna og útvegsmanna og er ráð fyrir því gert í brtt. minni hlutans.

Minni hlutinn leggur til, að ríkisstj. verði heimilað að greiða til Ölfusjóðs fiskiskipa allt að 200 millj. króna úr ríkissjóði til þess að auka niðurgreiðslu á ölfu til fiskiskipa, komi í ljós að hluti útgerðar úr fiskverðshækkunum ársins dugi ekki til að mæta hækkun á oliukostnaði. Frekari grein fyrir brtt. minni hluta n. verður gerð í framsögu.

Alþingi, 5. maí 1975.

Garðar Sigurðsson,
frsm.

Sighv. Björgvinsson.